

Álestrartímabil

20. september til 10. október 2001

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
0-4.999	6,40	18.000-18.999	15,38
5.000-5.999	6,80	19.000-19.999	16,56
6.000-6.999	7,35	20.000-20.999	17,44
7.000-7.999	7,72	21.000-21.999	18,45
8.000-8.999	8,06	22.000-22.999	19,61
9.000-9.999	8,42	23.000-23.999	20,55
10.000-10.999	8,94	24.000-24.999	21,47
11.000-11.999	9,27	25.000-25.999	22,52
12.000-12.999	10,08	26.000-26.999	23,52
13.000-13.999	10,80	27.000-27.999	24,57
14.000-14.999	11,64	28.000-28.999	25,61
15.000-15.999	12,53	29.000-29.999	26,66
16.000-16.999	13,53	30.000-30.999	27,70
17.000-17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75

Álestrartímabil

Álestrartímabil 3. gjaldtímabils 2001 er 20. september - 10. október nk. Gjaldldagi er 11. október 2001 og eindagi er 15. nóvember 2001. Gjaldendur eru minntir



á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað rikisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður (32.000/ 8.000 km)

Álestur innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (innan kærufrests)

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur rikisskattstjóra til ákvörðunar. Þegar mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, þ.e. eftir 10. október 2001, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem



dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Álestur eftir þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (utan kærufrests)

Mæti gjaldandi með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar eru liðnir frá lokum álestrartímabils beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum, samkvæmt 3. mgr., sbr. 1. mgr. 18. gr., laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur um beitingu sekta utan kærufrests. Sé mætt með ökutæki til álestrar 18. október 2001 eða síðar varðar það sekt sem hækkar eftir því sem lengra líður frá lokum álestrartímabils í samræmi við eftirfarandi:

1) 18/10 - 24/10	er sektin	kr. 5.000.
2) 25/10 - 31/10	er sektin	kr. 7.500.
3) 1/11 - 7/11	er sektin	kr. 10.000.
4) 8/11 - 14/11	er sektin	kr. 12.500.
5) 15/11 eða síðar	er sektin	kr. 15.000.

Athygli er vakin á því að eigandi eða umráðamaður ökutækis með öikumæli skal mæta með ökutækið til álesturs á álestrartímabili. Þessi skylda á við öll ökutæki sem þungaskattur er lagður á í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skv. öikumæli. Ef ökutæki er óökufært og því ekki mögulegt að mæta með það til álestraraðila er hægt að óska eftir álestri frá álestraraðila / vegagerð. Slíkt þarf að gera tímanlega. Ekki er þörf á álestri á álestrartímabili hafi álestur farið fram vegna innlagnar númera / afskráningu ökutækis.

Skráning á akstri í akstursbók

Skyllt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar öikumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.

- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru öikumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.

- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Vanræksla á skráningu aksturs í akstursbók

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur varðandi sektar beitingu, en þær eru eftirfarandi:

- Akstur ranglega færður í akstursbók:
 - fært vikulega en á að færa daglega kr. 5.000.
 - fært mánaðarlega en á að færa daglega kr. 10.000.
- færð inn km-staða hraðamælis en ekki öikumælis kr. 7.500.
- færð inn km-staða öikumælis en ekki hraðamælis kr. 5.000.

Sektir hækkar við ítrekað brot.

- Akstur ekki færður í akstursbók:
 - Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýttar í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki 10.000 kr.
 - Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
 - Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækkar um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.

Fast gjald - mælagjald

Til áréttingar skal bent á að skv. 4. mgr. A- liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum, gildir skráning ökutækis í skattflokk í ár í senn, þ.e. sami eigandi getur ekki breytt úr föstu gjaldi í mælagjald nema að a.m.k. ár liði á milli skattflokkaþreitinga. Álagning/níðurfelling fast gjalds er hlutfallsleg miðað við þann dag sem ökutæki fer á / af föstu gjaldi.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.

Slóðin er: www.rsk.is

Sími 563-1100 - Fax-númer: 563-1290

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA